

Dagforeldri

Dagforeldrar eru sjálfstæðir verktakar, fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar veitir leyfi til gæslu barna í heimahúsum í Ísafjarðarbæ en skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar ber ábyrgð á eftirliti með starfsemi þeirra ásamt því að veita ráðgjöf og upplýsingar til dagforeldra og foreldra

Samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum ber dagforeldri ábyrgð á barni á meðan á dvöl stendur og skal hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þess í víðtækum skilningi. Þetta á m.a við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru og líðan barns. Þrisvar sinnum á ári fá dagforeldrar heimsóknir skóla- og sérkennslufulltrúa án nokkurs fyrirvara, þar sem metin er aðbúnaður barna sem hjá dagforeldrinu dvelja.

Leyfi fræðslunefndar til dagforeldra tekur til allt að fjögurra barna, samtímis, að meðtöldum þeim sem fyrir eru á heimilinu yngri en sex ára, þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði.

Eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er fræðslunefnd heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar, enda hafi dagforeldri sýnt fram á hæfni til starfsins og veitt börnum góðan aðbúnað í hvívetna.

Til að gerast dagforeldri

1. Til að fá starfsleyfi til daggæslu í heimahúsum þarf að uppfylla ákveðin skilyrði sem er að finna í eftirfarandi gildandi reglum um starfsemi dagforeldra:
2. Dagforeldri skal ekki vera yngri en 20 ára þegar leyfi er veitt í fyrsta sinn. Sé dagforeldri orðið 65 ára skal leyfi aðeins veitt til eins árs í senn.
3. Leggja skal fram heilbrigðisvottorð sem staðfestir að ekki hafi fundist merki um sjúkdóm sem hindrað geti að umsækjandi geti tekið að sér gæslu barna.
4. Leggja fram sakavottorð allra sem á heimilinu búa og orðnir eru 18 ára.
5. Fyrir liggi skoðun eldvarnaeftirlits sveitarfélagsins á brunavörnum á heimili umsækjanda.
6. Úttekt skóla- og sérkennslufulltrúa á húsakynnum og lóð, þar sem uppfyllt er ákvæði reglugerða.

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlímánuð.

Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að barn hafi náð 9 mánaða aldri. Í tilfelli einstæðra foreldra er greitt frá 6 mánaða aldri.
2. Aukin niðurgreiðsla hefst í mánuðinum eftir að barn hefur náð 18 mánaða aldri.
3. Að barn hafi lögheimili í Ísafjarðarbæ.
4. Að dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
5. Að barn sé slysatryggt hjá dagforeldrinu.

Mánaðarleg **Niðurgreiðsla Ísafjarðarbæjar** miðast við dvalartíma barnsins með eftirfarandi hætti:

4 tímar 27.000 kr

5 tímar 33,750 kr

6 tímar 40,500 kr

7 tímar 47,250 kr

8 tímar 54,000 kr

9 tímar 60.750 kr

Reglur um afslátt fyrir einstæðra foreldra og námsmanna og einnig vegna systkina taka mið af gjaldskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar. Sækja þarf sérstaklega um afsláttinn.

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/907-2005>